


**LAUGARDALUR Í BLÁSKÓGABYGGÐ
LÆKJARHVAMMUR
HEIÐARÁ OG ÞVERÁ (rennslisvirkjun)
Deiliskipulag
Mkv. 1 : 6000
Júní 2014**


- - - Mörk deiliskipulagssvæðis
- Lóð stöðvarhúss
- Byggingarreitur stöðvarhúss
- Aðveitulögn
- Frávatsstokkur
- Rafstengur
- Sífla
- Vegur/slóði
- Þrýstíþípa
- Inntakslón



Teiknað eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf og upprætti frá Verfræðistofu Suðurlands dags. 06.12.2011

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt faí
Laugaveg 13, 101 Rvík
sími: 562-4140 ima@simnet.is

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt af sveitarstjórn. Þann _____



Aðalskipulag Laugardalshrepps 2000 - 2012 m. s. br.

DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR:

1. gr. Afmörkun svæðis og staðhættir
Fyrirhugað er að reisa rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá syðst landi Lækjarhvamms í Laugardal í Bláskógabyggð. Virkjanasvæðið mun ná yfir um 2 ha lands sem er að mestu gömul tún, mói og hallar til norðurs og austurs og er í um 100 m h.y.s. Landslag er að hluta tún og landbúnaðarland og að hluta heiðalandslag. Land er gróð og lækkr frá Heiðarbrún að Lækjarhvammi.
2. gr. Aðalskipulag
Frankvæmdir þessar er í samræmi við staðfest aðalskipulag Laugardalshrepps 2000 - 2014 og aðalskipulagsbreytingu sem auglýst er samhlíða deiliskipulagi þessu.
3. gr. Lýsing á virkjunar
Tilgangur framkvæmdarinnar er að framleiða raforku til sölu inn á dreifikerfi RARIK.
Um er að ræða allt að 480 KW rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá í landi Lækjarhvamms í Bláskógabyggð. Framkvæmdirnar felast í byggingu aðveitulagnar, tveggja inntakstíflna, niðurgrafinnar þrýstíþípa á milli inntakstíflna og frá neðri inntakstíflu að stöðvarhúsi, stöðvarhúss og frávatnsstokks frá stöðvarhúsi að Grafará, ásamt lagningu vegslóða að stöðvarhúsi og inntakstíflum.
Gert er ráð fyrir að reistar verði tvær stíflur í sitt hvorri ánni. Um er að ræða hefðbundnar jarðvegstíflur, þ.e. varnargarður með kjarna og varnarlagi. Stífla í Heiðará verður í 115 m.y.s., 50 m breið og 4 m há.
Efnisþörf vegna byggingar hennar verður 1.500 rúmmetrar. Inntakslónið í Heiðará verður um 0,2 ha að umfangi, þar af fer um 0,1 ha út fyrir farveg árinna. Stífla í Þverá verður í 114 m.y.s., 100 m breið og 5 m há.
Reiknað er með að um 3.000 rúmmetra af efnis þurfi í stífluna. Inntakslónið í Þverá verður um 0,5 ha að umfangi, þar af fer um 0,4 ha út fyrir farveg árinna. Í báðum tilfellum verða sveiflur á vatnsborði lóna óverulegar og svæði sem fer undir inntakslón séu ekki frábrugðin svæðum umhverfis.
Lagðar verði tvær niðurgrafnar aðveitulagnir. Önnur verður 180 m löng, um 0,4 m í þvermál og mun liggja frá lindum við fjárhús að stíflu við Heiðará. Hin aðveitulögnin verður 200 m löng, um 1 m í þvermál og mun liggja frá stíflu við Heiðará að stíflu við Þverá. Frá inntaki í stíflu við Þverá mun liggja niðurgrafin þrýstíþípa að stöðvarhúsi, sem verður um 950 m löng og um 1 m í þvermál. Grafinn verður um 2 m breiður skurður vegna lagningar þrýstilagna.
Lagður verður niðurgrafinn stokkur fyrir útrennsli frá stöðvarhúsi að Grafará, 50 m langur og um 1,2 m í þvermál.
Orkan verður síðan flutt með jarðsteng frá stöðvarhúsi að línu RARIK. Ekki er þörf á neinum mannvikjum við tengingu stengsins við línuna.
4. gr. Aðkomur
Aðkoma að svæðinu er frá Lækjarhvammsvegi. Slóðar verða lagðir meðfram stokkum og að uppistöðulönum (sjá upprátt).
5. gr. Stöðvarhús og lagnir
Lóð við stöðvarhús verður 256 m² og byggingareitur 144 m². Gert er ráð fyrir að grunnflötur stöðvarhússins verði allt að 50 m² og hámarkshæð frá jörðu allt að 5 m. Stöðvarhús verður hálfniðurgrafið og verður því um 3 m yfir landslaginu. Það hvíli í smá dæld í landslagi og verða því sjónræn áhrif þess lítil. Allar lagnir séu grafnar í jörðu og inntakstíflurnar tvær falli inn í landslagið þar sem þær verða staðsettar rétt neðan við Heiðarbrúna þar sem hæðarmismunur feli þær að mestu. Sjónræn áhrif lagnanna verða því lítil.
6. gr. Efnistaka
Reiknað er með að auk 4.500 rúmmetra efnis í stíflur þurfi um 700 rúmmetra í vegi. Efnis verður tekið úr grúsarnámu skammt frá útihúsum í landi Lækjarhvamms. Jafnframt verður efnis nýtt í stíflugerð með því að ýta því upp úr fyrirhuguðu lónsstæði og taka það úr melhrygg. Efnis sem til falli við uppröft vegna þrýstilagunar verði lagt niður með pípunni.
8. gr. Menningarminjar
Búið er að skrá fornleifar að hluta til á jörðinni Lækjarhvammi. Vitað sé um fornminjar (Grafarhali rúst) í námunda við framkvæmdasvæðið og verður þess gætt að raska þeim ekki við framkvæmdir á svæðinu
Í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands